

# Morgunblaðið

## mbl.is/gagnasafn

Mánudaginn 1. september, 2008 - Aðsent efni

## Umhverfissfasismi

**Halldór Jónsson** skrifar um skipulagsmál í Kópavogi

Halldór Jónsson



Halldór Jónsson skrifar um skipulagsmál í Kópavogi: "Ég blæs á það þó að einhverjir verði með múður sem búa nú á sjávarlóðunum. Þeir eiga engan rétt á sjónum umfram mig í austurbænum..."

Fámennum hópi upphlaupsmanna á Kársnesi hefur tekist að þyrlla upp þvílíku moldviðri vegna atvinnustarfsemi á Kársnestá að engu tali tekur.

Þessi starfsemi er mörg hver eldri í bænum heldur en þeir íbúar sem hæst láta og á sér því lengri hefð. Það er útbreiddur misskilningur fólks að það hafi öðlast einhvern rétt á ákveðnu útsýni eða ákveðnu umferðarmagni á götunni fyrir framan sig, við það

eitt að flytja að henni. Íbúar hafa ekkert um það að segja hvernig bæjarfélagið ráðstafar landi í einstökum hverfum. Það er kjörinna fulltrúa en ekki upphlaupsliðs að fara með skipulag í bænum.

Ég var í hópi margra sem börðust fyrir Kópavogshöfn á liðnum árum. Við greiddum skatta til þess að borga margra ára taprekstur og uppbyggingarkostnað á henni. Loksins kom að því að hún var farin að eygja möguleika á að bera sig og borga sinn stofnkostnað til baka. Þá rýkur upp eitthvert lið á Kársnesi og fer að strengja borða á girðingar með slagorðum um að þeir vilji ekki svo og svo margna bíla á Kársnesbraut eða þungaflutninga eftir götunum, hvað þá hafnarstarfsemi á Kársnesi. Og bæjaryfirvöld eru þvílíkar heybrækur að þeir láta þennan öskurkór komast upp með að eyðileggja allt okkar starf í sjötíu sumur.

Sem borgari í þessum bæ sætti ég mig ekki við þetta. Ég krefst þess að fá að greiða um það atkvæði með öllum bæjarbúum hvort hér skuli byggð upp alvöruhöfn og atvinnusvæði í kringum hana. Hvort göturnar séu fyrir alla Kópavogsbúa eða einhver hundruð upphlaupsmanna. Ég vil líka greiða atkvæði um það hvort bæjaryfirvöld eða upphlaupsfólk eigi að stjórna skipulagsmálum í öllum bænum. Skrílræði af þeim toga sem nú viðgengst á Kársnesi vil ég ekki sjá. Yfirvöld eru til þess kosin að stjórna milli kosninga og eiga að gera það. Þeir, sem ekki líkar þeirra verk, geta á bara kosið þá frá næst. Þetta Kársnesmál er raunar hliðstætt við málefni Reykjavíkurlflugvallar. Yfirgnæfandi meirihluti landsmanna og Reykvíkinga líka vill hafa völlinn kyrran. Háværir sérvitringar bjóða meirihlutanum birginn og virðast ætla að komast upp með það. Rétt eins og á Kársnesi.

Ég hef annars áður bent á auðvelda leið til að létta á Kársnesumferðinni vegna hafnarinnar. En það er að leggja góða götu í fjörunni inn Kópavog út á Hafnarfjarðarveg. Þetta er alls ekki flókin framkvæmd. Ég blæs á það þó að einhverjir verði með múður sem búa nú á sjávarlóðunum. Þeir eiga engan rétt á sjónum umfram mig í austurbænum og hefðu ekkert með það að gera þó að vogurinn væri fylltur upp ef hagsmunir heildarinnar krefðust þess. Ég blæs líka á rétt einhverra brunnskluks í leirunum ef fólk þarf á þeim að halda. Annars gætum við bara yfirgefið þetta land og skilað því til baka, þó að við vitum ekki til hverra.

Við lifum á atvinnustarfsemi í landinu. Fyrir starfseminu eru greidd laun sem fólk notar til þess að kaupa sér íbúðir. Líki mönnum ekki einhver ákveðinn staður eða aðgerðir yfirvalda geta þeir bara flutt eitthvað annað. Umhverfissfasismi fárra, sem leiðir til meiri fátæktar alþýðu, er ólíðandi.

Höfundur er verkfræðingur.

Slóð: [http://mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein\\_id=1239623](http://mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=1239623)

Skoðað: 2008-09-11 14:40

© mbl.is/Árvakur hf